



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**46. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 19. febrúar 2024
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Formaður eigendavettvangs, Regína Ásvaldsdóttir, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Undanþágur frá greiðslu tekjuskatts - ESA - 2309018

Um er að ræða framhald umræðu frá 44. eigendafundi. Á þeim fundi var ákveðið að lögfræðingur SSH væri tengiliður eigenda vegna þessa máls, m.t.t. upplýsingagjafar og að embætti borgarlögmanns kæmi áfram að málinu eins og verið hefur. Stjórn Sorpu fól LMG lögmonnum að vinna minnisblað um málið og hugsanlegar leiðir til að mæta athugasemdum ESA varðandi tekjuskattsundanþágu byggðasamlaganna og kynna það menningar- og viðskiptaráðuneytinu sbr. fundargerð 492. fundar stjórnar Sorpu, en aðild málsins gagnvart ESA er á forræði ráðuneytisins þó afdrif þess kunni að hafa áhrif á framtíðarfyrirkomulag rekstrar Sorpu. Fyrirliggjandi er minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur og Theodórs Kjartanssonar um stöðu þessa máls. Theodór Kjartansson kynnir. Umræður.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Theodór Kjartansson lögmaður hjá embætti borgarlögmanns

Niðurstaða:

Framangreint verði kynnt fyrir Stefnuráði byggðasamlaganna en formenn stefnuráðs munu skipuleggja næsta fund þess. Skrifstofu SSH er jafnframt falið að upplýsa Samband íslenskra sveitarfélaga um gang mála.

Umræður

2. SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - brennsla - 1908010

Framhald umræðu 42. eigendafundar en á þeim fundi var samþykkt að vinna áfram að forverkefni varðandi uppbyggingu "WtE" (sorporkustöðvar) á Íslandi, á grundvelli tillagna og tímaáætlunar sem lágu fyrir. Gerð er grein fyrir stöðu verkefnisins og tillögum að næstu skrefum. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnir.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Stjórn Sorpu bs. er falið að vinna áfram að fullmótun tillagna um áframhald verkefnisins í samráði við stýrihóp þess, en að þeirri vinnu lokinni verði þær kynntar eigendum og Stefnuráði byggðasamlaganna.

Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.